

# Samningur um afhendingu götulýsingarkerfis til eignar í Djúpavogshreppi.

Djúpavogshreppur, kt. 570992-2799, hér eftir nefnt sveitarfélagið og RARIK ohf., kt. 520269-2669, hér eftir nefnt RARIK, gera með sér eftirfarandi samning:

Sveitarfélagið yfirtekur og eignast götulýsingarkerfi RARIK í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið mun bera ábyrgð á rekstri og endurnýjun götulýsingarkerfisins í sveitarfélaginu frá og með undirritun á samningi þessum. Sveitarfélagið yfirtekur og eignast götulýsingarkerfið í því ástandi sem það er við undirritun samnings.

Götulýsingarkerfið samanstendur af um 157 götuljósastaurum með tilheyrandi ljósbúnaði ásamt strenglögnum fyrir götulýsinguna og tilheyrandi götuskápum með varnar- og stjórnúnaði. Raforkumæling og stýring fyrir götuljósin er í 6 dreifistöðvum RARIK.

RARIK mun við undirritun samnings afhenda sveitarfélaginu teikningar og upplýsingar um búnað sem tilheyrir götulýsingarkerfinu samkvæmt eftirfarandi lista;

1. Listi yfir staðsetningu mæla í eigu RARIK – Fylgiskjal 1.
2. Teikningar á tölvutæku formi sem sýna staðsetningar á staurum og lágspennudreifikerfi fyrir götulýsingarkerfið (strenglagnir, götuskápar) – Fylgiskjal 2.
3. Skrá (excel) yfir alla staura þar sem fram kemur heiti þeirra, hnit, hæð, tegund, uppsetningardagur, hvaða dreifistöð eða götuskáp þeir tengjast og eftir atvikum hvort vantar samþykktan varnarúnað í staurinn – Fylgiskjal 3.
4. Skrá (excel) yfir alla lampa þar sem fram kemur afl þeirra, perugerð og eftir atvikum tegund og uppsetningardagur – Fylgiskjal 3.
5. Upplýsingar um stjórnúnað í dreifistöðvum og götuskápum/stýriskápum og eftir atvikum einlínmyndir sem sýna varnar- og stjórnúnað í hverri dreifistöð eða götuskáp – Fylgiskjal 4.
6. Upplýsingar um peruskipti, endurnýjun lampa, viðhald og viðgerðir jarðstrengja og endurnýjun á staurum síðustu 5 ára eftir því sem slíkar upplýsingar liggja fyrir – Fylgiskjal 5.

Ofangreind gögn fylgja með samningi þessum á tölvutæku formi (USB lykili) og í tölvupósti. RARIK ábyrgist ekki að allar upplýsingar séu rétt skráðar.

Í þeim tilfellum þar sem varnar- og stjórnúnaður er ennþá innan dreifistöðvar með takmörkuðu aðgengi fyrir viðhaldsaðila sveitarfélagsins mun RARIK veita viðurkenndum aðila aðgengi að dreifistöðvunum til að sinna þeim búnaði sem tilheyrir götulýsingarkerfinu. RARIK mun síðan vinna að því að koma þessum búnaði fyrir í stýriskáp utan dreifistöðvar eins fljótt og við verður komið á sinn kostnað. Strenglagn að stýriskáp (inntaksstað), telst vera heimtaug í eigu RARIK.

RARIK mun hætta innheimtu viðhaldsgjalds (sjá mæla, Fylgiskjal 1) frá og með xx.yy.zzzz. RARIK mun þá einnig hætta að sinna reglubundnu eftirliti og viðhaldi á götulýsingarkerfinu og verður það hér eftir alfarið í höndum sveitarfélagsins.

RARIK lýsir yfir vilja til að aðstoða sveitarfélagið við viðhald götulýsingarkerfisins fyrst um sinn, þangað til fengist hefur þjónustuaðili, ef og þegar eftir því verður óskað og því verður við komið. Fyrirkomulag viðhaldsþjónustunnar verður með eftirfarandi hætti:

1. Sveitarfélagið sendir RARIK verkbeiðni um þau verk sem óskað er eftir með viðeigandi verklýsingu.
2. RARIK gefur sveitarfélaginu upp áætlaðan kostnað vegna þeirrar vinnu sem beðið er um.
3. Að verki loknu skilar RARIK inn yfirliti yfir hvað var framkvæmt og önnur þau gögn sem beðið er um á viðkomandi verkbeiðni.
4. Komi upp frávík þegar vinna er hafin við verkbeiðni þá mun RARIK hafa samband við sveitarfélagið áður en stofnað er til viðbótarkostnaðar umfram það sem áætlað var.

Öll vinna af hálfu RARIK er unnin samkvæmt útseldum töxtum fyrirtækisins á hverjum tíma. Sveitarfélagið fær upplýsingar um þessa taxa og allar breytingar sem kunna að verða á þeim.

---

Staður

---

Dagsetning

Fh. Djúpavogshrepps

Fh. RARIK ohf

---

ATH: Í kortinu geta leynst villur. Ekki er tekið ábyrgð á þeim upplýsingum sem þar eru gefnar upp. Sónun á rafstrengum er í boði að kostnaðalaus.



Skýringar:	
	Götuljósastaur sveitarfélagsins
	Götuljósastaur Vegagerðin
	Götuljósastrengur Sveitarfélagsins
	Götuljósastrengur Vegagerðin

Breyting A	-	Dagsetning	-	Teiknað	-	Samþykkt	-
Breyting B	-	Dagsetning	-	Teiknað	-	Samþykkt	-
Breyting C	-	Dagsetning	-	Teiknað	-	Samþykkt	-

	Hannað	Teiknað	Samþykkt	Teikningarnúmer	Dagsetning	
	XXX	XXX	XXX	XXXX.XXXX-XXXX	20.02.2019	
Djúpivogur Götuljósakerfi					Kvarði	Stærð
					1:4000	A3
					Blað	Útgáfa
					1 - 1	-

